

Aðstaða til knattspyrnuíðkunar í Hafnarfirði

Þann 23. mars 2017 á fundi Bæjarráðs var samþykkt að taka saman upplýsingar um aðstöðu til knattspyrnuíðkunar:

5. 1703335 - Fimleikafélag Hafnarfjarðar, Skessan

Lagt fram erindi Fimleikafélags Hafnarfjarðar dags. 20.mars sl. vegna Skessunnar, knatthús. Helga Stefánsdóttir forstöðumaður framkvæmda-og rekstrardeildar kom á fundinn.

Bæjarráð vísar tillögu að eignaskiptasamningi til umhverfis- og framkvæmdasviðs þar sem vinna við eignaskiptasamninga við íþróttafélögin hefur staðið yfir undanfarin ár. Jafnframt er óskað eftir því að íþróttafulltrúi og ÍBH taki saman upplýsingar um stöðu mála varðandi aðstöðu til knattspyrnuíðkunar í Hafnarfirði. Gerð verði greining á því hver þörfin er og hvar úrbóta sé þörf næstu tvö árin miðað við iðkendafjölda, aðstöðu og úthlutun tíma í knatthúsum og á gervigrasvöllum bæjarins. Einnig að teknar verði saman upplýsingar um fjölda iðkenda í knattspyrnu frá árinu 2014. Bæjarstjóra falið að gera fulltrúum Fimleikafélagsins grein fyrir stöðu málsins.

Almennt um fótboltaæfingar í Hafnarfirði

Að jafnaði er hver flokkur er samsettur af tveimur aldursárum barna, utan yngstu og elstu flokka. Fótboltaárið byrjar í raun að hausti og þá fara fram skráningar og skipulag æfingartímabilsins yfir veturinn. Ekki er hægt að æfa á grasi yfir vetrartímann, parketgólf íþróttahúsanna eru afar sjaldan notuð undir fótboltaæfingar og því er gervigras notað yfir vetrartímann fyrir æfingar.

Hafnarfjarðarbær hefur um tvo velli að ráða eða gervigrasvöllinn á Ásvöllum sem er fótboltavöllur í fullri stærð. Síðan eru leigðir 1440 tímar af FH í Risanum sem er óupphitað yfirbyggt knattspyrnuhús sem er hálf stærð venjulegs vallar. 208 tímar af þeim eru morguntímar skilgreindir fyrir Afrekskóla sem er aðallega fyrir framhaldskólaaldurinn en hinir 1232 tímarnir eru hefðbundnir æfingartímar fyrir flokkana.

Fjöldi æfinga á hvern flokk er mismunandi og eykst að öðru jöfnu þegar iðkendur eldast. Fjöldi æfinga á hvern flokk er nokkuð sambærilegur milli Hauka og FH annarsvegar og annarra félaga á höfuðborgarsvæðinu. Aðstaða og fjöldi æfinga fyrir yngstu hópanna hefur aukist síðustu ár auk þess sem gerðar eru miklar kröfur varðandi þjálfamenntun.

Þátttökugjöld fyrir hvern iðkanda á ári er milli 35 og 95 þúsund krónur yfir árið, lægst hjá yngstu iðkendum. Niðurgreiðsla Hafnarfjarðarbæjar getur lækkað þann kostnað um 36 þúsund krónur á ári fyrir hvern iðkanda 6-18 ára.

Íþróttabandalag Hafnarfjarðar sér um að útdeila tímum á gerfigrasvöllum og í töflu 1 og 2 sést hvernig sú úthlutun er fyrir vetrartímabilið 2016/2017.

Tafla 1

Ásvellir - gervigras

Tími:

	Mánud.	Þriðjud.	Miðvikud.	Fimmtud.	Föstud.	Laugard.	Sunnud.
7:00	Afressk						
8:00							
9:00							
10:00						Haukar	Haukar
11:00						Haukar	Haukar
12:00						Haukar	Haukar
13:00						Haukar	Haukar
14:00						Haukar	Haukar
15:00	Haukar	Haukar	Haukar	Haukar	Afressk		FH
16:00	Haukar	Haukar	Haukar	Haukar	Afressk		FH
17:00	Haukar	Haukar	Haukar	Haukar	Haukar		FH
18:00	Haukar	Haukar	Haukar	Haukar	Haukar		FH
19:00	Haukar	Haukar	Haukar	Haukar	Haukar		FH
20:00	Haukar	Haukar	Haukar	Haukar	Haukar		FH
21:00	Haukar	Haukar	Haukar	Haukar	Haukar		FH
22:00	Haukar	Haukar	Haukar	Haukar	Haukar		FH

Tafla 2

Risinn - gervigras

	Mánud.	Þriðjud.	Miðvikud.	Fimmtud.	Föstud.	Laugard.	Sunnud.
6:00	knattsk.	knattsk.	knattsk.	knattsk.	knattsk.		
7:00	knattsk.	knattsk.	knattsk.	knattsk.	knattsk.		
8:00							
9:00							
10:00						FH	
11:00						FH	
12:00						FH	
13:00						FH	Haukar
14:00						FH	Haukar
15:00	FH	FH	FH	FH	FH	FH	Haukar
16:00	FH	FH	FH	FH	FH	FH	Haukar
17:00	FH	FH	FH	FH	FH	FH	Haukar
18:00	FH	FH	FH	FH	FH	FH	Haukar
19:00	FH	FH	FH	FH	FH	FH	
20:00							
21:00							
22:00							

Fjöldi iðkenda

Íþróttafélög nota Nora kerfið sem er greiðslu- og skráningarkerfi sem afar margir aðilar nota eins og íþróttafélög og sveitarfélög til að halda utan þessa þætti. Í gegnum þennan gagnagrunn er hægt að fá tölur um þá sem eru skráðir og greitt er fyrir. Því má ætla að þetta séu lágmarkstölur, sjá töflu 3. Hafa ber í huga að einhver börn prufa tímabundið að æfa og stundum eru börn iðkendur án þess að fyrir þau sé greitt, stundum af félagslegum ástæðum og hafa félögin verið liðleg gagnvart þessum hópi.

Núna skráir FH alla iðkendur í Nora kerfið s.s. þá sem eru í Old boys en Haukarnir skrá fyrst og fremst iðkendur 6 – 16 ára. Hjá Haukum fjölgar iðkendum í knattspyrnu á sumrin þegar handboltatímabilinu lýkur. Árin 2013 og 2017 eru alls ekki marktæk í töflu 3 en byrjað var að skrá inn í kerfið árið 2013 og mismunandi innritunar- og skráningartími veldur skekkju í byrjun árs 2017.

Tafla 3

Iðkendur samkvæmt Nora, knattspyrna: FH og Haukar


	2013	2014	2015	2016	2017
Haukar	340	463	488	507	54
FH	618	955	1036	1351	360

Þessar tölur gefa því eingöngu vísbendingu um iðkenda fjölda. Íþróttafélögin og ÍSÍ skrá iðkendur í svokallað Felixskráningarkerfi en þar liggja fyrir nýjustu tölu frá árinu 2015. Því var rætt við fulltrúa FH og Hauka og gáfu þeir upp nýjustu tölur iðkenda í hverju aldursflokki sem sýndar eru í töflu 4 og töflu 5. Þær tölur passa ágætlega við nýlegar tölur úr Nora kerfinu þegar horft er á aldur iðkenda og heildartölur. Skráðir iðkendur í fótbolta hjá FH eru 961 núna í apríl og hjá Haukum 622.

Þegar síðustu ár eru skoðuð í ljósi hve háar heildargreiðslur eru í bókhaldskerfi Hafnarfjarðar vegna niðurgreiðslu þátttökugjalda hjá félögunum birtist eftirfarandi mynd sjá mynd 1.

Mynd 1

Heildar niðurgreiðslur eftir félagi



Nýting og þörf á veturna

Hér eru tvær töflur 4 og 5 lagðar fram sem samantekt á iðkendafjölda yfir vetrartímann samkvæmt upplýsingum félaganna sjálfra og fjöldi æfinga hjá flokkunum í hverri viku. Síðan leggur undirritaður fram áætlun um leikjafjölda inn í töfluna, gróft mat á niðurfellingu æfinga vegna veðurs og gróft mat um hve margir geta æft í einu á hverju svæði.

Tafla 4

Knattspyrnufélagið Haukar

	Hálfur völlur Æfingatímar	Hálfur völlur Séræfingar	Heill völlur Æfingatímar	Heill völlur Keppni	Iðkendur í dag	Æfingar pr.viku
8.flokkur ka.	2	1		0.65	56	2
8.flokkur kv.	2	1		0.36	31	2
7.flokkur ka.	4	1		0.57	49	3
7.flokkur kv.	3	1		0.29	25	3
6.flokkur ka.	6	1		1.65	71	3
6.flokkur kv.	4	1		0.67	29	3
5.flokkur ka.	6	1		1.91	82	3
5.flokkur kv.	4	1		0.88	38	3
4.flokkur ka.	9		1	1.81	78	4
4.flokkur kv.	6		1	0.86	37	4
3.flokkur ka.	3		1	0.53	23	4
3.flokkur kv.	3		1	0.37	16	4
					535	
2.flokkur ka.	6		1	0.50	42	4
2.flokkur kv.					5	
Mfl. ka.	4		1	0.50	24	5
Mfl. kv.	3		1	0.50	16	4
	65	8	7	12	622	

Samtals hálfur völlur	73	73		
Samtals heill völlur	19	38		
			111	Tímar á hálfum velli
Samningar við Hafnarfjarðarbæ				
Full stærð vallar, utanhúss	46	92		

Áætluð niðurfelling æfinga vegna veðurs, 10%	4	-9	
		83	Tímar á hálfum velli
Vöntun umfram tímaúthlutunar Hafnarfjarðarbæjar og ÍBH			
VÖNTUN		28	Tímar á hálfum velli

Nýting vegna æfinga
Hálfur völlum þolir 40-50 iðkendur 8-6.flokki
Hálfur völlum þolir 30-40 iðkendur 5.flokki
Hálfur völlum þolir 20-25 iðkendur 4.-meistaraflokks

Leikjafjöldi pr.flokk og iðkendafjölda
7.-8. flokkur, 2 leikir í mánuði pr. 10 iðkendur, fjórðungur vallar
5.-6. flokkur, 2 leikir í mánuði pr. 10 iðkendur, hálfur völlum
3.-4. flokkur, 2 leikir í mánuði pr. 20 iðkendur, heill völlum
2.-mfl., 2 leikir í mánuði pr. flokk, heill völlum

Tafla 5

Fimleikafélag Hafnarfjarðar

	Hálfur völlum Æfingatímar	Hálfur völlum Séræfingar	Heill völlum Æfingatímar	Heill völlum Keppni	Iðkendur í dag	Æfingar pr.viku
8.flokkur ka.	4	1		0.84	72	2
8.flokkur kv.	2	1		0.57	49	2
7.flokkur ka.	9	1		1.56	134	3
7.flokkur kv.	4	1		0.73	63	3
6.flokkur ka.	9	1		2.93	126	3
6.flokkur kv.	3	1		1.19	51	3
5.flokkur ka.	9	1		2.40	103	3
5.flokkur kv.	6	1		1.44	62	3
4.flokkur ka.	6		1	1.02	44	4
4.flokkur kv.	6		1	1.05	45	4
3.flokkur ka.	6		1	1.14	49	4
3.flokkur kv.	6		1	1.00	43	4
					841	
2.flokkur ka.	6		1	0.50	50	4
2.flokkur kv.	4		1	0.50	20	4
Mfl. ka.	4		1	0.50	25	5
Mfl. kv.	3		1	0.50	25	4
	87	8	8	18	961	

Samtals hálfur völlum	95	95	Hálfur völlum
Samtals heill völlum	26	52	Hálfur völlum
		147	Hálfur völlum
Samningar við Hafnarfjarðarbæ			
Hálfur völlum, innanhúss	46	46	Hálfur völlum
Vöntun umfram samninga við Hafnarfjarðarbæ		101	Hálfur

Nýting vegna æfinga

Risinn (hálfur völlur) þolir 40-50 iðkendur 8-6.flokki

Risinn (hálfur völlur) þolir 30-40 iðkendur 5.flokki

Risinn (hálfur völlur) þolir 20-25 iðkendur 4.-meistaraflokks

Leikjafjöldi pr.flokk og iðkendafjöldi

7.-8. flokkur, 2 leikir í mánuði pr. 10 iðkendur, fjórðungur vallar

5.-6. flokkur, 2 leikir í mánuði pr. 10 iðkendur, hálfur völlur

3.-4. flokkur, 2 leikir í mánuði pr. 20 iðkendur, heill völlur

2.-mfl., 2 leikir í mánuði pr. flokk, heill völlur

Skýringar

1. Til að hafa réttan samanburð eru útreikningar í hálfum velli.
2. Tala um leikjafjölda er fengin úr gögnum KSÍ og er að jafnaði tveir leikir á mánuði yfir vetrartímamann hjá hverjum hópi. Leikjunum er deilt niður á vikur og miða við eðlilegan fjölda leikmanna hverju sinni og síðan frestast leikir þannig að þetta er nokkuð matskennd tala.
3. Haukar æfa aðallega á útigervigrasvöllinum og hér er reiknað með að um 10% tíma falli niður vegna veðurs yfir veturinn. Aðstaða útivið á veturna verður aldrei sambærileg inniaðstöðu.
4. **Vöntun hjá FH er mikil því að ég met eingöngu aðstöðu sem Hafnarfjarðarbær og ÍBH úthlutar. Dvergurinn og aðrir tímar Risans eru sannarlega nýttir til að mæta þessari vöntun en eru ekki taldir með í þessari úttekt.**

Á sumrin

Þegar hægt er byrja að nota grasvelli í byrjun sumars léttist á þrýstingnum. Bæði félag eru með grassvæði sem nýtast ágætlega undir æfingar auk þess er þeim útteildir tímar af ÍBH á Hamranesvelli við Hvaleyrarvatn sem eldri flokkar nota mest. Á sumrin er einnig hægt að æfa á gervigrasvöllum. Þá er rétt að taka fram að gervigrasvöllur Hauka er eini æfinga- og keppnisvöllur félagsins bæði að vetri og sumri, en í Kaplakrika er aðalkeppnisvöllur félagsins aðeins nýttur yfir sumartímamann. En ekki liggur fyrir beiðni frá félagunum um aukið æfingarrými á sumrin.

Niðurstaða

Það er þörf á auknu æfingarrými á veturna. Auknar vinsældir fótboltans eru sýnilegar í öllum gögnum sem skoðuð voru.

Hægt er að létta á þörfinni fyrir auknu rými með aðgerðum sem ekki er mælt með að farið verði í eins og að takmarka fjölda iðkenda, takmarka rými, hækka gjöld og fækka æfingum. Mælt er með að finna aðrar leiðir til að koma til móts við óskir og þær þarfir sem skapast við auknar vinsældir fótoltans eins og að koma útigervigrasvelli á Kaplakrika í lag, að byggja yfirbyggt fótoltahús, nýta parketgólf fyrir yngstu æfingahópanna eða leigja hjá öðrum sveitarfélögum æfingaraðstöðu inni fyrir eldri hópanna.

Fjölgun hefur orðið meðal iðkenda bæði hjá FH og Haukum. Erfitt er að spá um framhaldið s.s. getur aðstöðumál spornað gegn fjölgun. Miðað við þróun síðustu ára má reikna með að íbúum fjölgi um ca 600 manns á árinu 2017 eða 2,1%, og 750 manns 2018 (2,6%) og 2019 (2,5%). Ef stuðst er við þá fjölgun sem hefur átt sér stað síðustu misseri í fótoltanum í Hafnarfirði mun fjöldi iðkenda aukast umfram þessa spá. Að meðaltali hefur iðkendum hjá FH fjölgað um 30% milli ára síðustu þrjú ár samkvæmt Nora skráningarkerfinu. En hjá Haukum hefur þeim fjölgað um 13% samkvæmt sama gagnagrunni. Þess ber að ítreka að FH skráir alla í þennan gagnagrunn s.s. þá sem eru í bumbubolta en Haukar ekki. Að jafnaði eru um 400 börn í hverjum árgangi í grunnskólum bæjarins. Sem dæmi eru í 5. flokki karla og kvenna hjá Haukum og FH um 280 börn skráð í fótolta af um 800 börnum í árgöngunum tveim. Heildarfjöldi barna í Hafnarfirði verður því einnig takmarkandi þáttur varðandi vöxt greinarinnar. Varðandi ósk minnihlutans að meta allar íþróttagreinar þá er hreinlega ekki tækifæri hjá undirrituðum að gefa sér þann tíma sem þarf til þess. Þörf er á slíku mati fyrir allar greinar og stöðugt þarf að meta samspil iðkenda, íþróttafélag og íþróttamannvirkja.

Geir Bjarnason

Fylgiskjal 1

Meðfylgjandi er samantekt á heimaleikjafjölda fótboltans í FH og Haukum, tekið af heimasíðu KSÍ.

Leikjafjöldi félaganna yfir eitt ár		
Vetrartímabilið 2016/2017:	FH	Haukar
Leikjafjöldi 7 (8) manna/kvenna bolti	57	52
Leikjafjöldi 11 manna/kvenna bolti	87	46
Leikjafjöldi sumartímabil 2017 samkvæmt KSÍ:	FH	Haukar
Leikjafjöldi 7 (8) manna/kvenna bolti	89	50
Leikjafjöldi 11 manna/kvenna bolti	132	83